

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur Magnússon greiði stefnda Gísla Þorbjarnarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1909:

Samson Eyólfsson

gegn

ráðherra Íslands fyrir hönd
landsjóðs og Magnúsi Torfa-
syni bæjarfógeta.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. janúar f. á., var Samson Eyólfsson skuldheimtumaður á Ísafirði dæmdur í 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir sviksamlega meðferð á innheimtufé, og var hann meðan á rannsókn málsins stóð tvívegis settur í gæzluvarðhald samkvæmt úrskurði dómarans og hafður í haldi samtals 54 daga. Eftir kröfu Samsonar var málinu skotið til yfirdómsins, og með dómi þess réttar uppkveðnum 3. maí f. á. var aukaréttardóminum breytt þannig, að Samson var sýknaður af ákæru réttvísinnar í málinu.

Að svo vöxnu máli hefir Samson Eyólfsson samkvæmt heimild í lögum nr. 28 um gæzluvarðhald að ósekju o. fl. 26. okt. 1893, 3. gr., höfðað þetta mál fyrir landsyfirdóminum með stefnu dags. 26. júlí f. á. á hendur ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs að tilstefndum rannsóknardómaranum Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni og hefir skipaður talsmaður hans fyrir yfirdóminum krafist þess, að sækjanda verði dæmdar fébætur úr landssjóði 2000 kr. eða önnur hæfileg upphæð eftir mati réttarins, fyrir þjáning, smán og fjártjón, er hann hafi beðið af gæzluvarðhaldinu, og sér dæmd hæfileg málssóknarlaun.

Af hálfu stefnda fyrir hönd landssjóðs hefir verið krafist sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Fyrtéð sakamálsrannsókn gegn sækjanda var hafin út af kæru frá Messíönu Sæmundsdóttur ekkju á Ísafirði; hafði sækjandi eftir umboði manns hennar haustið 1906 innheimt eftirstöðvar af þiljubátsverði hjá Jóni Snæbirni Jónssyni skipstjóra á Bildudal, 400 kr., en eigi gjört skil fyrir meira en helmingnum af upphæðinni. Var honum gefið að sök að hann hefði tekið ranglega til sín hinn helminginn, 200 kr., og sagt umbjóðanda sínum, að Jón Snæbjörn hefði ekki greitt sér þessar 200 kr., en lofað að borga þær seinna. Við rannsókn málsins sannaðist ekki þessi kæra á hendur sækjanda, en til réttlætningar því, að hann skilaði ekki allri hinni innheimtu fjárhæð, hélt hann því fram, að Jón Snæbjörn hefði falið sér að ganga eftir hjá seljanda þiljubátsins ýmsum lausum munum, er honum áttu að fylgja, og lagt undir við sig að halda eftir að minsta kosti 150 kr. af upphæðinni þangað til skil væru gjörð fyrir áminstum munum, en afganginn, 50

kr. taldi sækjandi sér í innheimtulaun, og frá öllu þessu tjáðist sækjandi hafa skýrt umbjóðanda sínum, en neitaði að hafa sagt honum, að Jón Snæbjörn ætti ógreiddar 200 kr. af skuldinni og hefði tekið sér frest með borgun á þeim. Samkvæmt þessari skýrslu sækjanda, sem eigi var hrundið, var hann sem fyr segir syknaður í yfirdóminum af ákæru réttvísinnar. En sá sýknudómur ræður ekki úrslitum þessa máls. Af honum verður ekki ályktað frekara en það, að eigi hafi verið ástæða til að höfða sakamál gegn sækjanda á þeim grundvelli, sem fenginn var við rannsóknina, og þó að fundið væri að því í dómnum, að sækjandi var látinn sitja í gæzluvarðhaldi hátt á 2. mánuð, er eigi með því út af fyrir sig sagt neitt af eða á um það, hvort ætla megi, að sækjandi sé saklaus af broti því, er hann var kærður fyrir, en hvort svo hafi verið, verður að ráða af skýrslum þeim og upplýsingum, er fram komu við rannsóknina.

Í því tilliti skal það athugað, að fyrnefndur Jón Snæbjörn Jónsson skipstjóri bar það sem vitni í réttarhaldi 24. ágúst 1908 og vann eið að því, að sig minti, að það væri tekið fram í umboðsskjalinu, er hann fekk sækjanda um leið og hann greiddi eftirstöðvar bátverðsins — en það skjal var ekki lagt fram við rannsóknina né síðar — að sækjandi héldi eftir 150 kr. af andvirði bátsins, en þorði þó ekki að staðhæfa, að þetta væri rétt munað, og í réttarhaldi 5. des. s. á. breytir vitnið þessum framburði á þá leið, að það yrði að álíta, að það hafi ekki lagt fyrir sækjanda að halda eftir 150 kr. af bátsverðinu, þangað til allir þeir munir, sem áttu að fylgja bátnum, væru afhentir. Það er þannig eigi fram kominn sönnun fyrir því, að sögusögn sækjanda um þetta máls-

atriði sé rétt. Eigi sannaðist heldur, eða styrktist neitt við það, er fram kom við rannsóknina, sú stæðhæfing sækjanda, að hann hefði gert umbjóðanda sínum kunnugt, að Jón Snæbjörn hefði falið honum svofelt erindi, sem fyr segir, en það bendir í gagnstæða átt, að seljandi bátsins beiddist bréflaga í marzmánuði 1907 — meir en missiri áður en sækjandi var kærður — yfirlýsingar Jóns Snæbjarnar um það, hvort hann hefði borgað sækjanda eftirstöðvar bátverðsins, 400 kr., með því að sækjandi hefði að eins afhent 200 kr., og sagt að Jón Snæbjörn hefði lofað að borga afganginn um nýár 1907. Að þessu athuguðu, og þegar þess enn fremur er gætt, að sækjandi virðist ekki hafa gert sér neitt verulegt far um að reka erindi það, er Jón Snæbjörn hafði falið honum, og hafði engu til leiðar komið í þá átt, þegar rannsóknin var hafin gegn honum, meir en ári eftir að hann tók við eftirstöðvum bátverðsins, og að sækjandi játaði við prófið, að hann hefði eytt peningunum í sínar þarfir, og gat eigi gjört nein skil fyrir þeim, þá verður eigi séð, að fyrir hendi séu þvílíkar upplýsingar um sakleysi sækjanda af broti því, er hann var settur í höft fyrir, að heimilt sé samkvæmt framangreindum lögum að dæma honum skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, og ber því að sýkna stefnda af kröfum sækjanda í þessu máli.

Eftir þessum úrslitum ber sækjanda samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 40 kr.

Málfærsla hins skipaða málflytningsmanns sækjanda hefir verið lögmæt og bera honum 20 kr. í málflytningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi ráðherra Íslands fyrir hönd landsjóðs á að vera sýkn af kröfum sækjanda Samsonar Eyólfssonar í þessu máli. Sækjandi greiði stefnda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Hinum skipaða talsmanni sækjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflytningu 20 kr af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz

Nr. 56/1909:

Anna Marie Lauritzen
gegn

Ludvig Olaf Rye Bruun.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, ógiftur kvenmaður Anna Marie Lauritzen höfðaði mál þetta fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda Ludvig Olaf Rye Bruun, til þess að fá hann dæmdan til að greiða meðlag með barni hennar, Ella Johanne Lauritzen, er hún ól 4. jan. f. á. og lýsti stefnda föður að, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Var málið dæmt í lögregluréttinum 12. ágúst f. á. á þá